

# Ekta trétjara 850



## Efnislýsing

Ekta trétjara er skógarafurð og þegar viðarflötur er meðhöndlaður með henni færast náttúruleg efni sem sjálftréð notar sér til varnar yfir á viðarflötinn og hjálpar honum þar með að þola raka á sama tíma og viðurinn nær að anda. Tjaran hefur náttúrulega eiginleika til að smjúga djúpt inn í viðinn og verndar hann í mörg ár. Ekta trétjara er grunnurinn í lituðu trétjöruefnunum frá Auson, í grámaefni (trétjörusúlfati) og ljósu tjörulífunni. Ekta trétjara er dökkbrún á lit en þar sem hún inniheldur engin litarefni verður hún ljós með tímanum.

Ekta trétjara er hrein náttúruafurð ætluð til yfirborðsmeðferðar á tré sem áður hefur verið meðhöndlað með trétjöru eða trétjörusúlfati en ekki síður á ómeðhöndlað tré, svo sem viðarklæðningar, timburútveggi, timburþök, girðingar, bryggjur, trébáta o.fl. Hún hentar einnig við meðhöndlun á hófum og klaufum búfenaðs, í hesthús til að koma í veg fyrir að hestar nagi viðinn og í lyfjagerð. Hún er t.d. notuð í sjampó, sápu og smyrsl við ofnæmisútbrotum, sóríasis, exemi .fl.



## Meðhöndlun

Ekta trétjara er fremur seigfljótandi en er léttari að bera á og hún smýgur betur inn í viðinn ef hún er hituð í 50-70°C vatnsbaði. Einnig má þynna hana með balsamterpentínu. Jafnvel má þynna tjöruna með hrárrí eða soðinni línólíu til að efnið þorni fyrr. Best er að bera hana á í hlýju veðri, gjarnan í sólskini.

Ekki er þörf á sérstökum grunni og er trétjaran borin beint á viðinn. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Málartvätt og Original Hustvätt. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að bursta óhreinindi og ryk í burt áður en hafist er handa.

Hrærið vel í dósinni áður en byrjað er að mála. Ath! Forðist snertingu við húð. Notið breiðan pensli, u.þ.b. 70-100mm breiðan. Berið tjöruna á eins og „venjulega“ málningu og forðist að bera hana of þykkt á því þá er hætt á sprungumyndum og blæðingum í heitu veðri. Málið a.m.k. tvær umferðir til að fá sem bestu vatnsvörnina og jafnari lit. Hins vegar er í lagi að láta seinni umferðina bíða í allt að einu ári ef svo ber undir. Mælt er með að bera á aftur eftir 3-7 ár, allt eftir álagi á flötinn. Hin þekkt tjörulykt dofna fljótlega og er að mestu farin eftir mánuð.

Hafa þer í huga að tjara er náttúruleg afurð sem getur verið nokkuð breytileg í útliti og seigju eftir framleiðslulotum. Ef margar dósir þarf í verkið er best að blanda innihaldinu úr þeim öllum saman. Þannig fæst örugglega sami litatónn á allan flötinn.

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífð verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Litur:** Dökkbrúnn

**Þynning:** Balsamterpentína, ATH. ekki venjuleg terpentína. Við þynningu geta smáblettir af trjákvöðu komið fram

**Þurrktími:** Þornar ekki alveg en sogast inn í undirlagið sem verður snertþurrt. Frá nokkrum dögum til nokkurra vikna – fer eftir veðri, hvort timbrið sé heflað eða óheflað, viðartegund, þykkt og hve vel tjaran síast inn í yfirborðið

**Lágmarkshiti við málun:** +10°C

**Þekja:** Fyrsta umferð: 2-4 fermetrar pr. lítra.

Fer eftir undirlagi. Önnur umferð: 4-8

fermetrar pr. lítra. Fer eftir undirlagi

**Pakkningar:** 1, 3 og 10 lítra dósir

**Hreinsun:** Balsamterpentína, alkóhól eða sápuvatn. ATH! Ekki venjuleg terpentína

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.):** Inniheldur mest 300 g/l.